



ÍV SJÓÐIR

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

ÍV SJÓÐA HF.

1. Upplýsingar um ábyrgðaraðila og gildissvið persónuverndarstefnu

ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hálfu félagsins. Ábyrgðaraðili er sá aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Hugtakið „persónuupplýsingar“ nær til allra upplýsinga sem mögulegt er að tengja við tiltekinn einstakling, með beinum eða óbeinum hætti, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, notendanafn, netauðkenni, nr. vörslureiknings, o.fl. Persónuverndarstefna þessi gildir um vinnslu ÍV sjóða á persónuupplýsingum einstaklinga, t.d. núverandi, tilvonandi og fyrrverandi viðskiptavina og starfsmanna. Þá gildir stefnan um aðila sem tengdir eru framangreindum aðilum, t.d. fjölskyldumeðlimi, aðra viðeigandi aðila, raunverulegan eiganda fjármuna, umboðsmann viðskiptavinar, stjórnendur og prókúruhafa ef um lögaðila er að ræða. Stefnan tekur jafnframt til starfsmanna verktaka sem vinna störf í þágu ÍV sjóða og þeirra sem heimsækja starfsstöðvar eða vefsíðu ÍV sjóða.

ÍV sjóðir er rekstrarfélag verðbréfasjóða með starfsleyfi sem slíkt frá Fjármálaeftirlitinu og telst því fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Meginhlutverk ÍV sjóða er rekstur sjóða um sameiginlega fjárfestingu. ÍV sjóðir eru með höfuðstöðvar á Akureyri. ÍV sjóðir er dótturfélag verðbréfafyrirtækisins Íslenskra verðbréfa hf., kt. 610587-1519, sem er með höfuðstöðvar sínar á sama stað á Akureyri og ÍV sjóðir.

Nánari upplýsingar um starfsemi ÍV sjóða er að finna á heimasíðu félagsins: www.ivsjodir.is. Sími: 460-4700. Netfang: ivsjodir@ivsjodir.is.

Heimilisfang ÍV sjóða má á hverjum tíma finna á heimasíðu félagsins eða með leit í fyrirtækjaskrá á heimasíðu ríkisskattstjóra www.rsk.is/fyrirtaekjaskra.

2. Persónuverndarfulltrúi ÍV sjóða

Persónuverndarfulltrúi ÍV sjóða er regluvörður félagsins. Regluvörslu er útvistað til Íslenskra verðbréfa móðurfélags ÍV sjóða. Einstaklingar geta sett fram fyrirspurnir og sent inn beiðnir með tölvupósti á netfangið regluvarsla@iv.is varðandi öll mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum þeirra og hvernig þeir geta neytt réttar síns.

3. Tilgangur vinnslu og lagagrundvöllur

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga innan starfsemi ÍV sjóða er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem óskað er eftir og sem ÍV sjóðum er á hverjum tíma heimilt að veita. Vinnsla almennra persónuupplýsinga á sér aðeins stað ef fyrir henni er heimild, þ.e. á grundvelli samþykkis einstaklings, samnings við hann, lagaskyldu (t.d. samkvæmt því umfangsmikla regluverki á fjármálamarkaði sem ÍV sjóðir

er bundið af í starfsemi sinni) eða lögmætra hagsmuna (t.d. vegna viðskiptalegra hagsmuna). Í undantekningartilvikum kann vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að reynast nauðsynleg og fer hún þá einungis fram á grundvelli upplýsts samþykkis einstaklings eða lagaheimildar eða ef uppfyllt eru lagaskilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Persónuupplýsingar eru unnar í skýrum og yfirlýstum tilgangi og eru ekki unnar í öðrum og óskyldum tilgangi nema ÍV sjóðir hafi til þess heimild og einstaklingur hafi verið upplýstur um hinn nýja tilgang, eftir því sem við á.

4. Tegundir persónuupplýsinga sem ÍV sjóðir vinna með og flokkar hinna skráðu

ÍV sjóðir vinna með ýmsar tegundir persónuupplýsinga. Helstu flokkar hinna skráðu eru starfsmenn, viðskiptamenn, birgjar, verktakar og þjónustuaðilar sem og tengiliðir hjá viðskiptamönnum, birgjum og öðrum samstarfsaðilum. Hér á eftir er lýsing á flestum þeim tegundum persónuupplýsinga sem ÍV sjóðir vinna með og tilgangi vinnslu þessara upplýsinga.

Persónuauðkenni og almennar lýðupplýsingar: Kennitölur, skilríki hvers konar t.d. eins og vegabréf, ökuskríteini og rafræn auðkenni svo að ÍV sjóðir geti borið kennsl á einstakling. Upplýsingar um stjórnmalaleg tengsl á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Samskiptaupplýsingar/tengiliðaupplýsingar (tengt persónu eða sem tengiliður lögaðila): Nafn, heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar s.s. eins og netfang og símanúmer auk upplýsinga er varða samskipti einstaklings við ÍV sjóði svo að félagið geti haft samband við einstaklinga.

Upplýsingar um fjárhagsfærslur: ÍV sjóðum ber m.a. að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskríteina og geyma upplýsingar og gögn um viðskipti með hlutdeildarskríteini sjóða.

Fjárhagsupplýsingar: Einstaklingar kunna að veita ÍV sjóðum ýmsar fjárhagsupplýsingar í tengslum við flokkun félagsins á viðskiptavinum (almennur fjárfestir/fagfjárfestir) og áreiðanleikakönnun þess á viðskiptamönnum á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Samningsupplýsingar: Atriði er varða þá samninga sem einstaklingur hefur gert við ÍV sjóði eða söluaðila og upplýsingar um þær vörur og þá þjónustu sem félagið veitir einstaklingi svo hægt sé að framfylgja ákvæðum samninga.

Erindi frá hinum skráða: Upplýsingar sem ÍV sjóðir fá um einstakling með bréfum, tölvupóstum og símtölum svo ÍV sjóðir geti veitt einstaklingi þjónustu, bætt hana og brugðist við erindum hans og ábendingum.

Starfsmannaupplýsingar: Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar til að ÍV sjóðir geti greitt starfsmönnum sínum laun fyrir störf þeirra, s.s. tengiliðaupplýsingar, launaflokkur, tímaskráningar, skattþrep, stéttarfélagsaðild, bankaupplýsingar, lífeyrissjóðsupplýsingar og skuldir við innheimtumann ríkissjóðs.

Umsækjendur um störf: Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar við mat umsókna, s.s. tengiliðaupplýsingar, ferilskrá, kynningarbréf, upplýsingar um menntun, niðurstöður úr ráðningarviðtölum, umsagnir þriðja aðila og önnur samskipti við umsækjendur. Í því skyni að lágmarka áhættu á því að félagið verði þátttakandi í refsiverðu athæfi eða fjármálaglæpum í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skal í samræmi við innri reglur félagsins gera athugun á umsækjendum um stöður hjá félaginu, með hliðsjón af markmiðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og skal sakavottorðs krafist áður en gengið er frá ráðningu.

Notendaupplýsingar: Notendaaudkenni og dagbókarfærslur í kerfum.

Opinberar upplýsingar: T.d. upplýsingar úr þjóðskrá, fyrirtækjaskrá, fasteignaskrá og öðrum opinberum skráum ásamt upplýsingum sem hægt er að fá aðgang að hjá fjárhagsupplýsingastofu eða upplýsingar sem hafa verið gerðar opinberar á internetinu. Þessar upplýsingar eru notaðar í ýmsum tilgangi í tengslum við starfsemi ÍV sjóða.

Skjöl sem einstaklingur hefur undirritað eða afhent: Geymd eru afrit af þeim samningum sem einstaklingar hafa gert við félagið eða söluaðila og skjölum sem einstaklingar hafa afhent félaginu eða söluaðila í tengslum við gerð slíkra samninga. Þetta er gert til að sanna tilvist skjalanna og efnisatriði þeirra.

Hljóðritun símtala: Símtöl einstaklinga við ÍV sjóði kunna að vera hljóðrituð. Þessi vinnsla fer t.d. fram til þess að hægt sé að færa sönnur á fyrirmæli um viðskipti og í öryggisskyni.

Samþykki: Hvers konar samþykki eða leyfi sem einstaklingur veitir ÍV sjóðum eða söluaðila. Í þessu felast m.a. upplýsingar um hvernig einstaklingur vill að haft sé samband við hann, t.d. hvort hann afþakki bréfasendingar frá ÍV sjóðum.

Vefkökur: Sjá upplýsingar í vefkökustefnu ÍV sjóða á heimasíðu félagsins.

5. Varðveisla persónuupplýsinga

ÍV sjóðir varðveita persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur samkvæmt þeim lögum og reglum sem við eiga í starfsemi félagsins hverju sinni, eða eins lengi og lögmætir hagsmunir félagsins krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til. Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða vegna viðskiptalegra hagsmuna félagsins, t.d. til þess að afmarka, setja fram og verja kröfur ÍV sjóða. Af framangreindu leiðir að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

6. Miðlun persónuupplýsinga

ÍV sjóðir munu ekki afhenda persónuupplýsingar nema félaginu sé það skylt samkvæmt lögum eða dómsúrskurði. Viðskiptavinur getur heimilað ÍV sjóðum afhendingu persónuupplýsinga um hann til annarra aðila.

Í starfsemi ÍV sjóða er tilteknum verkefnum útvistað til þriðja aðila, m.a. Íslenskra verðbréfa móðurfélags ÍV sjóða. Slík útvistun felur í sér að útvistunaraðilar, þ. á m. Íslensk verðbréf, taka við og geyma fyrir hönd ÍV sjóða ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavinum ÍV sjóða. Útvistunaraðilar eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu með sama hætti og gildir um félagið.

ÍV sjóðir njóta þjónustu sömu vinnsluaðila og Íslensk verðbréf sem hefur samið um ýmsar vinnslur fyrir hönd samstæðu Íslenskra verðbréfa, m.a. útvista ÍV sjóðir allri þjónustu varðandi tölvu- og tæknimál til móðurfélagsins og hafa aðgang að þeim forritum og kerfum sem Íslensk verðbréf nota í starfsemi sinni og eiga jafnframt við í starfsemi ÍV sjóða.

7. Réttindi einstaklinga

Persónuverndarlög kveða m.a. á um réttindi einstaklinga til fræðslu og upplýsinga um hvernig persónuupplýsingar eru unnar. Hafa ber í huga að í einhverjum tilfellum kann að vera að réttindi takmarkist með vísan til laga, hagsmuna annarra sem upplýsingarnar varða eða mikilvægra fjárhags- eða viðskiptahagsmuna félagsins, t.d. um viðskiptaleyndarmál eða hugverkaréttindi. ÍV sjóðir geta eðli málsins samkvæmt ekki eytt þeim gögnum sem félaginu ber að varðveita lögum samkvæmt. Nauðsynlegt er fyrir einstaklinga að sanna á sér deili þegar þeir óska eftir að neyta réttinda sinna.

Réttur til þess að fá aðgang að eigin persónuupplýsingum

Einstaklingur á rétt á staðfestingu frá félaginu um það hvort unnið sé með persónuupplýsingar um hann og ef svo er á hann rétt til aðgangs að þeim persónuupplýsingum, auk upplýsinga um tilgang vinnslu, flokka persónuupplýsinga, flokka viðtakenda, viðmið um varðveislutíma, réttinn til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd og upplýsingar um uppruna.

Réttur til leiðréttingar og eyðingar persónuupplýsinga

Félagið leggur ríka áherslu á að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og réttar. Einstaklingur sem óskar eftir að koma á framfæri upplýsingum um breytt heimilisfang, dvalarstað, pósthólf eða aðrar persónuupplýsingar er bent á að koma þeim á framfæri við félagið með tölvupósti á netfangið ivsjoDIR@ivsjoDIR.is eða í síma 460-4700.

Einstaklingur á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Í ákveðnum tilvikum á hann einnig rétt á að persónuupplýsingum um hann sé eytt.

Réttur til að andmæla eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga

Einstaklingur á rétt á því að andmæla vinnslu persónuupplýsinga sinna og notkun þeirra til beinnar markaðssetningar hvenær sem er. Í kjölfar slíkra andmæla mun félagið hvorki vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi frekar né senda viðkomandi beinan markpóst.

Einstaklingur getur einnig andmælt vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna sérstakra aðstæðna er varða hann. Í kjölfar slíkra andmæla mun félagið ekki vinna persónuupplýsingar frekar nema lagaskilyrði til þess séu til staðar.

Þá getur einstaklingur í ákveðnum tilvikum farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga um sig sé takmörkuð tímabundið, t.d. ef hann telur að persónuupplýsingar sem ÍV sjóðir vinnur séu ekki

réttar, ef hann telur félagið ekki hafa heimild til vinnslunnar eða að það þurfi ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda.

Réttur til þess að flytja persónuupplýsingar

Einstaklingur á rétt á að fá tiltekna persónuupplýsingar um sig, sem hann hefur sjálfur látið ÍV sjóðum í té, á skipulegu, algengu tölvulesanlegu sniði, og eftir atvikum rétt á að félagið flytji slíkar upplýsingar til annars ábyrgðaraðila sem einstaklingur vísar á ef það er tæknilega framkvæmanlegt. Einungis er um að ræða persónuupplýsingar sem ÍV sjóðir hafa aflað á grundvelli samþykkis einstaklings eða vegna framkvæmdar samnings og eru unnar með sjálfvirkum hætti.

Tímamörk afgreiðslu og gjaldtaka

ÍV sjóðir verða almennt við beiðnum er varða ofangreind réttindi einstaklinga þeim að kostnaðarlausu. Engu að síður áskilur félagið sér rétt til þess að innheimta gjald í samræmi við verðskrá þess ef farið er fram á afhendingu fleiri en eins afrits af persónuupplýsingum. Þá áskilur félagið sér rétt til að neita að verða við beiðni sem er augljóslega tilefnislaus eða óhófleg.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og úrskurðar í ágreiningsmálum á sviði persónuverndar. Einstaklingur getur lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

8. Breytingar á persónuverndarstefnu ÍV sjóða

Þessi persónuverndarstefna er sett með vísan til 17. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (almenna persónuverndarreglugerðin).

ÍV sjóðum er heimilt að gera breytingar á persónuverndarstefnu þessari hvenær sem er og öðlast slíkar breytingar gildi við birtingu uppfærðrar stefnu á vefsíðu ÍV sjóða hf. www.ivsjodir.is. Breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma stefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni.

* * *

Samþykkt af stjórn ÍV sjóða hf.

5. nóvember 2019